

## REGLUR

### fyrir félagsheimilið Miðgarð í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu.

#### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Miðgarður í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu. Lóðin er gefin af Skagafjarðarsýslu.

Lóðarstærð er 75x100 m og afmarkast þannig: að austan af Miðgarðsvegi, 100 m í norður frá suður mörkum Varmahlíðarlands, 75 m. vestur eftir sömu landam. síðan 100 m í norður og 75 m breiðu í austur, að áðurnefndum Miðgarðsvegi.

Eigendur félagsheimilisins eru: **Seyluhreppur** 60% og 12 fulltrúa í eigendanefnd, **Akrahreppur** 15% og 3 fulltrúa í eigendanefnd. **Umf. Fram** 12% og 2 fulltrúa í eigendanefnd. **Umf. Æskan** 3% og 1 fulltrúa í eigendanefnd. **Kvenfélag Seyluhrepps** 5% og 1 fulltrúa í eigendanefnd. **Karlakórinn Heimir** 5% og 1 fulltrúa í eigendanefnd. Hver fulltrúi fer með 1 atkvæði á eigendafundi.

#### 2. gr.

Húsnefnd stjórnar félagsheimilinu. Hún er þannig skipuð: 2 fulltrúar frá Seyluhreppi, 1 fulltrúi frá Akrahreppi, 1 fulltrúi frá Umf. Fram, 1 fulltrúi frá Kvenfélagi Seyluhrepps, 1 fulltrúi frá Umf. Æskan og 1 fulltrúi frá Karlakórnum Heimi.

Fulltrúar skulu kosnir heima í félögum þannig: sveitarstjórnir kjósa sína fulltrúa að loknum sveitarstjórnarkosningum, til 2ja ára í senn. Önnur félög kjósa sína fulltrúa til 2ja ára í senn í fyrsta sinn árið 1977. Varamenn skulu kosnir á sama hátt. Húsnefnd skiptir með sér verkum í upphafi starfsárs og velur sér þá formann, varaformann og ritara til eins árs í senn.

Starfsár húsnefndar er milli aðalfunda eigendafélagsins.

Fráfarandi húsnefndarfulltrúar skulu sitja aðalfund eigendafélagsins með málfrælsi og atkvæðisrétti og hefur hver fulltrúi 1 atkvæði. Ef félagsheimilið hættir störfum skal afhenda Héraðsskjalasafni Skagafjarðarsýslu gerðabækur þess til varðveislu.

#### 3. gr.

Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal haldinn árlega og hann boðaður stjórnnum aðildarfélaga með hæfilegum fyrirvara. Á fundinum skal húsnefndin leggja fram rekstrar- og efnahagsreikninga félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár endurskoðaða af endurskoðendum sem aðalfundur kýs til þriggja ára í senn. Einnig leggur hún fyrir fundinn drög að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár ásamt tillögum um starfsemi í húsinu á næsta ári. Fjárhagsáætlunin skal gerð svo nákvæm sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda nema samþykkt hafi verið á aðalfundi eða aukafundi sömu aðila og sæti eiga á aðalfundi. Gildir þetta jafnt um rekstrargjöld og stofnkostnað. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Afrit af ársreikningum félagsheimilisins skal senda félagsheimilásjóði. Félagsheimilið skal rekið sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi. Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

#### 4. gr.

Húsnefnd heldur fund er þurfa þykir. Skytt er henni að halda fund ef  $\frac{1}{3}$  nefndarmanna æskir þess.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

- a. að ráða húsvörð, sé þess þörf að dómi aðalfundar, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt.

- b. að ráða annað starfsfólk, sé þess þörf að dómi aðalfundar. Leita skal umsagnar húsvaðar um ráðningu starfsfólks sem á að vinna undir hans stjórn.
- c. að ráðstafa félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra.
- d. að ákveða gjöld fyrir afnot hússins.
- e. að annast kaup á nauðsynlegum tækjum og áhöldum.
- f. að sjá um viðhald og endurbætur húseigna, húsbúnaðar og áhalda.
- g. að sjá um að hreingerning félagsheimilisins (húss og lóðar) sé jafnan í góðu lagi og að gætt sé ýtrasta hreinlætis í samræmi við heilbrigðisreglugerð.
- h. að sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
- i. að sjá um að löggæsla sé á samkomum ef þess er þörf.
- j. að sjá um að öll starfsemi er horfir til menningarauka og framfara sitji í fyrir-rúmi þegar húsinu er ráðstafað til afnota.

Húsnefnd er heimilt að krefjast þess af leigutaka að hann auglýsi verð aðgöngu-miða í götugauglýsingum.

#### 5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu eins og aðrir greiða leigu fyrir afnot af húsinu. Ef eigi fer í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið er þeim skylt að heim-ila félögum, þeim er greinir í 1. gr. laga um félagsheimili, innan sama byggðarlags afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi. Verði ágreiningur um hvort slíkt félag eigi rétt á afnotum af félagsheimilinu sker menntamálaráðuneytið úr.

#### 6. gr.

Leiga fyrir afnot félagsheimilisins skal ákveðin svo há að nægilegt fé fái til þess að inna af höndum nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni berast ekki aðrar tekjur.

#### 7. gr.

Þess skal gætt að húseignir, áhöld, húsbúnaður allur og fatnaður sé jafnan hæfilega vátryggt.

#### 8. gr.

Þegar félagsheimilið er í notkun skal ávallt vera til staðar gæslumaður sem hús-nefnd samþykkir. Skal hann, ef húsvörður er ekki viðstaddur er notkun lýkur, slökkva ljós, ganga örugglega frá hitunartækjum, koma áhöldum og húsbúnaði á sinn stað, koma óskilamunum í vörslu og loka vel gluggum og hurðum.

#### 9. gr.

Fánastöng skal koma fyrir á húsinu eða við það. Hún skal vera traustlega fest. Þess skal vandlega gætt að nota einungis fána með réttum litum og hlutföllum, ennfremur að notkun hans fari eftir lögum um íslenska fánann.

#### 10. gr.

Árlega skal húsnefnd athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir aug-um. Auk þess sé þess gætt að sem flestar skemmdir á húsi og húsmunum séu lag-færðar jafnóðum svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

#### 11. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og búnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta er spjöllum valda.

## 12. gr.

Húsnefnd getur sett ákvæði um klæðnað samkomugesta.

Um meðferð áfengis, aldurstakmörk varðandi aðgang á samkomur og um framferði gesta í húsinu eða á lóð þess, vísast til lögreglusamþykktar og almennra laga.

Framangreindar reglur eru hér með staðfestar.

*Í menntamálaráðuneytinu, 2. apríl 1979.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Thorlacius.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 24. apríl 1979.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Vísindasjóð Dýralæknafélags Íslands.

## 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Sigurð Einarsson Hlíðar, yfirdýralækni og konu hans Guðrúnu Lousu Hlíðar. Stofnfé er kr. 80.000.00

## 2. gr.

Sjóðurinn er eign Dýralæknafélags Íslands (D. Í.)

## 3. gr.

Sjóðsstjórn skipa eftirtaldir þrír dýralæknar:

1. Yfirdýralæknir, sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar.
2. Einn dýralæknir kosinn af stjórn D. Í.
3. Einn dýralæknir kosinn af aðalfundi D. Í.

Skulu þeir báðir kosnir til tveggja ára í senn.

## 4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

Hann skal ávaxta með því að kaupa fyrir hann bankavaxtabréf, bréf gefin út eða tryggð af ríkissjóði, eða á annan jafn öruggan hátt, að dómi sjóðsstjórnar.

## 5. gr.

Reikninga sjóðsins skal endurskoða með sama hætti og reikninga Dýralæknafélags Íslands.

## 6. gr.

Af vöxtum sjóðsins skal jafnan leggja þriðjung við höfuðstólinn, en tveimur þriðju má úthluta á hverju ári.

Verði minni upphæð úthlutað eitthvert ár, leggst afgangurinn af vöxtum við höfuðstól.